

HAGVÖXTUR LANDSHLUTA 1998 – 2005

**Byggðastofnun
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands**




Skýrslan er gerð af Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Aðilar sem komu að vinnslu þessarar skýrslu eru af hálfu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands Dr. Sigurður Jóhannesson og af hálfu Byggðastofnunar Halldór Vídalín Kristjánsson MA.

Landshlutareikningar 1998-2005

Stjórnvöld hafa í áratugi reynt að efla landsbyggðina. Æskilegt er að fyrir liggi sem gleggstar upplýsingar um efnahag og atvinnu- mál út um land, ef ætlunin er að framfylgja slíkri stefnu. Þáttur í því er að safnað sé tölum um hagvöxt landshluta. Byggðastofnun hefur í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnið tölur um hagvöxt og eru hér birtar tölur um hagvöxt í einstökum landshlutum í annað sinn. Nokkrar leiðréttingar hafa verið gerðar frá fyrri skýrslu til samræmis leiðréttingum á útreikningi hagvaxtar sem gerðar hafa verið hjá Hagstofu Íslands. Í þessari skýrslu eru birtar í fyrsta sinn tölur um framleiðslu í einstökum landshlutum. Landinu er skipt í átta svæði. Horft er á kjördæmaskipunina sem kosið var eftir á árunum 1959 til 1999, en þó með þeirri breytingu, að nágrenni Reykjavíkur er flokkað með höfuðborginni og Suðurnes höfð sér, sjá 1. mynd. Svæðin eru:

Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes með þeim breytingum að höfuðborgarsvæðið er eitt svæði, þ.e. Hafnarfjörður, Seltjarnarneskaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes, Kópavogur og Reykjavíkurborg.

Hagvöxtur er reiknaður út frá framleiðslu- uppgjöri fyrirtækja í hverjum landshluta, en jafnframt er höfð hliðsjón af atvinnutekna- uppgjöri. Notuð voru gögn um atvinnutekjur og rekstur fyrirtækja frá Hagstofunni og var samstarf við hana afar gott. Ekki er farið lengra aftur í tímann en til ársins 1998 vegna þess að góð gögn liggja ekki fyrir um fyrri ár. Uppgjörið er stillt af, þannig að hagvöxtur fyrir summu landshlutanna er jafn hagvexti samkvæmt yfirliti Hagstofunnar um þáttatekjur fyrir landið allt (þáttatekjur eru summa launa, rekstrarafgangs og afskrifta).¹



1. mynd. Svæðaskipting reikninganna fylgir gömlu kjördæmaskipuninni í grófum dráttum.

Þannig er samanlagður hagvöxtur fyrir allt landið í samræmi við tölur sem þegar hafa verið birtar. Hafa ber þó í huga að algengara viðmið um hagvöxt á landinu öllu er svonefnt ráðstöfunaruppgjör, sem Hagstofan birtir einnig. Nokkru getur munað á tölum samkvæmt mismunandi uppgjörum fyrir einstök ár, en munurinn er jafnan lítil þegar horft er á nokkurra ára tímabil. Ráðstöfunaruppgjörið hentar ekki eins vel og framleiðsluuppgjörið við að áætla hagvöxt í einstökum lands- hlutum.

Í 1. töflu eru helstu niðurstöður athugunar- innar teknar saman. Þetta sjö ára tímabil er sérstakt að því leyti að hagvöxtur hefur verið með mesta móti, þegar miðbik tímabilsins er undanskilið. Uppbygging er mest á höfuðborgarsvæðinu, en einnig eru virkjanaframkvæmdir á Austurlandi komnar vel í gang undir lok tímabilsins, og má ætla að þær hafi ekki náð hámarki. Athygli vekur hvað vöxtur er mismikill þegar horft er á einstaka landshluta. Framleiðsla vex mest á tímabilinu á höfuðborgarsvæðinu um rúmlega 50%, en dregst saman á Norðurlandi vestra um tæp 10% á sama tímabili.

¹ Sjá Hagfræðistofnun (2006): Greinargerð um aðferðir.


1. tafla. Hagvöxtur eftir landshlutum 1998-2005									
	Höfuð- borgar- svæði	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
1999	7%	5%	3%	-7%	-3%	5%	3%	5%	5%
2000	7%	11%	5%	5%	1%	3%	6%	2%	6%
2001	3%	7%	13%	6%	-1%	3%	8%	6%	4%
2002	1%	-11%	-6%	-7%	2%	-2%	-6%	-4%	-1%
2003	6%	-1%	-1%	-6%	-4%	0%	5%	5%	4%
2004	10%	3%	2%	3%	-2%	2%	5%	0%	7%
2005	10%	3%	11%	4%	-3%	1%	24%	4%	9%
98 - '04	39%	14%	17%	-7%	-7%	11%	22%	15%	28%
99 - '05	43%	11%	26%	4%	-6%	7%	46%	14%	33%
98 - '05	53%	17%	29%	-3%	-9%	12%	51%	19%	40%

Árið 2005 var hagvöxtur mikill hér á landi, en það ár voru vergar þáttatekjur tæpum 9% meiri en árið á undan. Mestur var vöxturinn á Austurlandi, en þar jókst framleiðsla um tæpan fjórðung frá fyrra ári. Langmestan vöxtinn má rekja til Kárahnjúkavirkjunar og smíði álvers á Reyðarfirði. Einnig er nokkuð um húsbyggingar, mest á Egilsstöðum, auk þess sem þjónusta hefur vaxið töluvert, en hvort tveggja tengist líkast til álversframkvæmdum að miklu leyti.

Á Vesturlandi er vöxtur um 11% frá 2004 til 2005. Mest vex iðnaður, en einnig var kraftur í byggingum, meðal annars við Norðurál í Hvalfirði, og í þjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu er 10% hagvöxtur eins og árið á undan. Sem fyrr munar mest um aukningu í þjónustu. Í öðrum landshlutum var hagvöxtur frá fáum prósentum og niður í 3% samdrátt á Norðurlandi vestra. Þar hefur framleiðsla dregist saman í fimm af sjö árum frá 1998.

Þegar horft er á allt tímabilið frá 1998 til 2005 má sjá að hagvöxtur er mestur á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Þar er hagvöxtur rúmlega 50%. Annars staðar er hagvöxtur undir landsmeðaltali, sem er 40% á tímabilinu. Á Vesturlandi er hagvöxturinn tæp 30%, en annars staðar eykst framleiðsla mun hægar. Á tveim landssvæðum drógust vergar þáttatekjur saman frá 1998 til 2005, á Vestfjörðum, um 3%, og Norðurlandi vestra, um 9%.

Hagþróun er ekki hin sama innan landsvæðanna sem hér eru skoðuð. Íbúatölur benda til þess að þrjú vaxtarsvæði séu á landinu. Eitt nær norðan frá Snæfellsnesi austur að Þjórsá. Annað vaxtarsvæði er á Akureyri og þar í grennd og þriðja vaxtarsvæðið er Mið-Austurland. Utan þessara þriggja svæða virðist framleiðsla víðast hvar dragast saman.




2. mynd. Samsetning hagvaxtar frá 1998 til 2005.

Mikill munur er á því hvaða atvinnugreinar mynda hagvöxtinn. Þjónusta skýrir mestan vöxt á höfuðborgarsvæðinu, og í öðrum landshlutum vex hún líka mikið. Á Austurlandi vex byggingarstarfsemi hins vegar langmest. Stór hluti af þeim vexti hverfur þegar framkvæmdum lýkur við virkjun og álver. Í öðrum landshlutum má gera ráð fyrir að vöxturinn sé varanlegri. Á Vesturlandi munar miklu um uppbyggingu stóriðju á Grundartanga. Á Norðurlandi vestra, Vestfirðum, Austurlandi og Suðurlandi hefur sjávarútvegur dregist mikið saman. Samdráttur í fiskvinnslu á Norðurlandi vestra vegur þungt. Þá vekur athygli að víða um land á stór hluti hagvaxtar rætur í opinberri starfsemi.


Á höfuðborgarsvæðinu er langmest framleitt og fara hagvaxtartölur fyrir það svæði mjög nærri vexti fyrir landið allt (sjá 3. mynd). Öll árin nema eitt er vöxturinn þó meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landinu öllu. Þar hefur þenslan verið mest að undanfögnu, ef Austurland er undanskilið síðustu árin. Að meðaltali óx framleiðsla um rúm 6% á ári á höfuðborgarsvæðinu frá 1998 til 2005.

3. mynd. Hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu 1998-2005.




Á Suðurnesjum urðu nokkur umskipti eftir 2001, en þá um haustið lauk miklum framkvæmdum við Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli. Síðan þá hafa umsvif aukist hægar á Suðurnesjum en annars staðar á landinu. Að meðaltali jókst framleiðsla um rúm 2% á ári á Suðurnesjum þau ár sem hér eru skoðuð.

4. mynd. Hagvöxtur á Suðurnesjum og landinu öllu 1998-2005.




Á Vesturlandi er vöxtur yfirleitt undir landsmeðaltali, en undantekningar eru árin 2001 og 2005. Stækkun Norðuráls árið 2001 og byggingarframkvæmdir þar árið 2005 eiga þátt í að skýra þessar sveiflur. Að meðaltali var hagvöxtur rúm 3,5% á ári á Vesturlandi þau ár sem hér eru skoðuð.

5. mynd. Hagvöxtur á Vesturlandi og landinu öllu 1998-2005.




Á Vestfjörðum hefur framleiðsla dregist saman í þrjú af þeim sjö árum sem skoðuð eru. Að meðaltali minnkar framleiðsla um hálf prósent á ári á því tímabili sem hér er til athugað. Heldur virðist hafa birt yfir árin 2004 og 2005, eins og raunar annars staðar á landinu, en vöxturinn er þó langt undir landsmeðaltali.

6. mynd. Hagvöxtur á Vestfjörðum og landinu öllu 1998-2005.




Á Norðurlandi vestra er samdrátturinn enn meiri en á Vestfjörðum. Að meðaltali minnkar framleiðsla þar um 1,5% á ári á ári frá 1998 til 2005. Það sem helst vekur athygli þegar horft er á mynd af þessum landshluta er hvað sveiflur eru litlar. Árin 2000 til 2002 sveiflaðist hagvöxtur þar kringum núllið, en síðan hefur framleiðsla dregist þar saman um 2 til 4% á ári á sama tíma og framleiðsla hefur vaxið hratt annars staðar á landinu.

7. mynd. Hagvöxtur á Norðurlandi vestra og landinu öllu 1998-2005.




Á Norðurlandi eystra fylgja hagsveiflur því sem sést á landinu öllu nokkuð náið, en vöxtur er þó alltaf undir landsmeðaltali og munurinn hefur farið heldur vaxandi. Á svæðinu öllu hefur framleiðsla sáralítið vaxið eftir 2001. Að meðaltali er hagvöxtur á Norðurlandi eystra rúmlega 1,5% á ári. Hér er raunveruleikinn reyndar flóknari en ráða má af myndinni, því að ástandið er allt annað í Eyjafirði en þar fyrir austan. Opinber starfsemi og byggingar á Akureyri og næsta nágrenni eru uppistaða hagvaxtar á Norðurlandi eystra.

8. mynd. Hagvöxtur á Norðurlandi eystra og landinu öllu 1998-2005.




Hagvöxtur á Austurland fylgir landsmeðaltali flest árin, en rýkur síðan upp árið 2005. Hagvöxturinn er að meðaltali 6% á ári. Að langmestu leyti tengist þessi mikli vöxtur Kárahnjúkavirkjun og álveri á Reyðarfirði. Framleiðsla dregst aftur saman þegar framkvæmdum lýkur. En fasteignaverð hefur hækkað og sjá má mikið af nýjum íbúðarhúsum á Egilsstöðum og Reyðarfirði. Það bendir til þess að menn telji að uppsveiflan verði að hluta til varanleg.

4. mynd. Hagvöxtur á Austurlandi og landinu öllu 1998-2005.



Á Suðurlandi fylgir hagvöxtur landsmeðaltali nokkurn veginn frá 1999 til 2003 en eftir það hefur hann verið minni en að meðaltali á landinu öllu. Að meðaltali er hagvöxtur 2,5% á tímabilinu. Myndin segir ekki alla söguna. Fólki fjölgar hratt í Árnessýslu en annars staðar á Suðurlandi stendur fjöldi fólks víðast hvar annað hvort í stað eða því fækkar.

4. mynd. Hagvöxtur á Suðurlandi og landinu öllu 1998-2005.



2. tafla. Hagvöxtur á mann eftir landshlutum 1998-2005									
Höfuð-	Norður- Norður-								
borgar- svæði	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	land vestra	land eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt	
1999	4%	4%	2%	-3%	-2%	6%	5%	3%	4%
2000	5%	8%	3%	7%	2%	2%	8%	1%	4%
2001	2%	5%	12%	8%	0%	2%	9%	5%	3%
2002	0%	-11%	-6%	-6%	3%	-3%	-5%	-5%	-2%
2003	4%	-2%	0%	-5%	-3%	0%	4%	5%	3%
2004	9%	2%	2%	5%	0%	2%	0%	-1%	6%
2005	8%	-2%	8%	6%	-2%	1%	13%	1%	6%
98 - '04	27%	6%	13%	4%	-1%	9%	20%	9%	21%
99 - '05	31%	0%	19%	14%	0%	4%	29%	6%	24%
98 - '05	37%	4%	21%	10%	-2%	10%	35%	10%	28%

Minna munar á hagvexti á hvern mann milli landshluta en á hagvextinum sjálfum. Þetta er eðlilegt þegar það er skoðað að samhengi er milli fólksflutninga og hagvaxtar. Þegar framleiðsla á hvern mann dregst aftur úr því sem gerist í öðrum landshlutum leitar fólk í burtu. Í því ljósi vekur athygli hve miklu munar á hagvexti á mann. Rétt er að muna að í nefnaranum eru allir, ungir og gamlir, hvort sem þeir stunda vinnu eða ekki. Tekjur á mann vaxa þegar hingað kemur fólk gagnert til þess að vinna og hefur ekki með sér fjölskyldu.


Mestur er vöxturinn í Reykjavík og á Austurlandi. Þar vaxa tekjur á mann um 35% eða ríflega það. Þá hafa tekjur á mann vaxið mikið á Vesturlandi. Þó að heildartekjur hafi minnkað lítillega á Vestfjörðum frá 1998 til 2005 hafa tekjur á mann vaxið um 10%, samkvæmt þessari mælingu. Að þessu leyti standa Vestfirðir jafnfætis Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Á Suðurnesjum jukust tekjur á mann lítið á því tímabili sem skoðað er og á Norðurlandi vestra drógust þær lítillega saman. Rétt er að ítreka að hafa verður í huga að ástandið er misjafnt innan landsvæðanna.

3. tafla. Vergar þáttatekjur, á verðlagi ársins 2000, milljónir kr.

	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
1998	321.994	30.289	27.536	16.835	17.056	43.667	22.167	34.320	513.864
1999	343.041	31.856	28.237	15.719	16.468	45.821	22.883	35.940	539.965
2000	365.966	35.353	29.535	16.543	16.691	46.986	24.206	36.827	572.107
2001	378.247	37.780	33.516	17.594	16.526	48.409	26.062	39.112	597.247
2002	383.734	33.780	31.667	16.342	16.917	47.259	24.551	37.575	591.826
2003	405.164	33.440	31.370	15.317	16.277	47.460	25.741	39.595	614.365
2004	446.974	34.555	32.109	15.736	15.909	48.390	26.960	39.447	660.081
2005	491.116	35.514	35.591	16.328	15.453	49.006	33.491	40.956	717.456
1998	62,7	5,9	5,4	3,3	3,3	8,5	4,3	6,7	100
2001	63,3	6,3	5,6	2,9	2,8	8,1	4,4	6,5	100
2005	68,5	4,9	5,0	2,3	2,2	6,8	4,7	5,7	100

Að baki hagvaxtartölunum eru gögn um framleiðslu á hverju svæði. Skoða verður þær með varúð, því að þeim er fyrst og fremst ætlað að mynda grunn undir hagvaxtartölurnar. Er því fremur reynt að búa þær til á sem líkastan hátt frá ári til árs en að taka inn nýjustu og bestu upplýsingar um framleiðslu á hverjum tíma. Til dæmis er stuðst við upplýsingar um rekstur fyrirtækja án einyrkja allan tímann, þó að gögn séu til um rekstur að þeim meðtöldum seinni árin.

5. mynd. Stærð landshlutanna gefur til kynna framleiðslu árið 2005.



Þegar tafla um vergar þáttatekjur á hverju svæði er skoðuð vekur mesta athygli hve mikill hluti framleiðslunnar fer fram á höfuðborgarsvæðinu.

Í 3. töflu (og á 11. mynd) sést að rúmlega 2/3 framleiðslunnar er á höfuðborgarsvæðinu, en sá þriðjungur sem eftir er dreifist um aðra landshluta. Næstmest er framleitt á Norðurlandi eystra, um 6,8% af heildarframleiðslu á landinu árið 2005, 5,7% á Suðurlandi, 4,9% á Suðurnesjum, 5,0% á Vesturlandi og 4,7% á Austurlandi. Aðeins 2% af efnahagssumsvifum landsins eru í Norðurlandi vestra og rétt rúm 2% á Vestfirðum. Hlutfall höfuðborgarsvæðisins hefur hækkað úr 62,7% árið 1998 í 68,5% árið 2005.

4. tafla. Vergar þáttatekjur á mann, á verðlagi ársins 2000, milljónir króna.

	Höfuð- borgar- svæði	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
1998	1,9	1,9	2,0	2,0	1,8	1,6	1,8	1,7	1,9
1999	2,0	2,0	2,0	1,9	1,7	1,7	1,9	1,7	1,9
2000	2,1	2,1	2,1	2,0	1,8	1,8	2,0	1,7	2,0
2001	2,1	2,3	2,3	2,2	1,8	1,8	2,2	1,8	2,1
2002	2,1	2,0	2,2	2,1	1,8	1,8	2,1	1,7	2,1
2003	2,2	2,0	2,2	2,0	1,8	1,8	2,2	1,8	2,1
2004	2,4	2,0	2,2	2,0	1,8	1,8	2,2	1,8	2,3
2005	2,6	2,0	2,4	2,2	1,7	1,8	2,4	1,8	2,4
1998	100,0	99,9	102,9	102,2	92,9	85,9	94,1	87,0	97,4
2001	100,0	106,3	109,2	103,4	83,6	85,6	104,0	86,3	98,2
2005	100,0	75,6	91,2	82,4	66,3	69,1	93,1	69,6	91,3

Í 4. töflu má sjá vergar þáttatekjur á mann. Árið 1998 voru tekjur á mann frá 1,6 milljónum króna á Norðurlandi eystra, upp í 2 milljónir á Vesturlandi og Vestfjörðum. Mismunur á meðalframleiðslu á mann milli landssvæða jókst mjög mikið frá 1998 til 2005. Árið 1998 var framleiðsla á íbúa nálægt 25% meiri á Vestfjörðum og Vesturlandi, þar sem hún var þá mest, en á Norðurlandi eystra, þar sem hún var þá minnst.

Árið 2005 var framleiðsla á mann mest á höfuðborgarsvæðinu en minnst á Norðurlandi vestra þar sem hún er 66,3% af framleiðslu á mann á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðsla á mann var heldur meiri á Vestfjörðum árið 1998 en á höfuðborgarsvæðinu, en 2005 var framleiðslan 82,4% hlutfall af framleiðslu á hvert mannsbarn á höfuðborgarsvæðinu.